



Kennari: Ólafur Einarsson

Skammstöfun: ÓE

Áfangalýsing

Markmið áfangans er að nemendur kynnist dýraríkinu og dýrafræði með áherslu á spendýr og fugla sem lifa á og við Ísland. Farið er yfir grunnatriði í flokkunarfræði þessara dýra. Líkamsgerð og lífsstarfsemi skoðuð svo og þróunarlegur skyldleiki og atferli. Nánari afmörkun viðfangsefnisins, s.s. hvaða dýrategundum eru gerð best skil, er ákveðin af viðkomandi skóla. Verklegar æfingar og vettvangsferðir eru þáttur í náminu.

Markmið

- I. Þekking. Nemandi þekki og hafi skilning á sögu dýrafræðinnar og tengsl við aðrar vísindagreinar. Hann þekki og hafi skilning helstu hugtökum dýrafræðinnar og aðferðafræði dýrafræðirannsóknna. Nemandi þekki og hafi skilning á sérstöðu fugla og spendýra á Íslandi og sjálfbærri nýtingu á stofnum þessara dýra. Hann þekki og hafi skilning á líffræðilegum fjölbreytileika og helstu rökum fyrir verndun fugla og spendýra á Íslandi.
- II. Leikni. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að lesa upplýsingar um fugla og spendýr úr máli og myndum. Hann geti beitt hugtökum dýrafræðinnar í rökrænu samhengi. Nemandi geti fjallað um álitamál sem varða dýr í íslenskri náttúru í viðum skilningi. Hann geti greint algengustu tegundir fugla og spendýra út í náttúrunni.
- III. Hæfni. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta tekið ábyrga og rökstudda afstöðu til dægurmála tengda fuglum og spendýrum á Íslandi. Hann geti tengt undirstöðu þekkingu á dýrafræði við daglegt líf og sjá notagildi hennar. Nemandi geti fjallað um dýrafræði á gagnrýninn hátt og velt fyrir sér ólíkum sjónarmiðum og lausnum. Hann geti aflað sér frekari upplýsinga og þekkingar á dýrafræðilegum viðfangsefnum

Kennsluefni

Fuglavísir eftir Jóhann Óla Hilmarsson, útg. 2011.

Væri ég fuglinn frjáls. Fyrstu skrefin í fuglaskoðun, útg. 2016.

Ítarefni s.s. ljósrit um íslensk spendýr og fugla, ljósmyndir og fræðslumyndir.

Verkefnaskil

Nemendur vinna ýmis verkefni samhliða yfirferð námsefnis. Verkefnin eru misstór og vega mismikið og eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Skýrslum og öðrum ritunarverkefnum skal skila á tölvuunnu formi (Word-skjöl) innan viku frá lokum verkefnis. Skilaskylda er á verkefnum og nemandi verður að vinna verklegar æfingar annars fyrirgerir hann próftökurétti. Eftir skiladag reiknast engin einkunn fyrir verkefni. Sjá nánari leiðbeiningar á Innu. Á önninni verða tvö próf. Mæti nemandi ekki í kaflapróf á tilsettum tíma skal hann taka það í lok annar þ.e.a.s. hafi hann verið löglega forfallaður. Skila þarf læknisvottorði til kennara ef nemandi mætir ekki í kaflapróf vegna veikinda.

Forkröfur

Líffræði (LÍFF2LN05)

Námsmat

Lokaeinkunn byggist á eftirfarandi mati:

Annarpróf (tvö próf, úr spendýrahluta og fuglahluta) 40% og greiningarpróf (fuglar) 10%.
Rannsókn, kynning, ýmis verkefni og ástundun 50%.

Til að standast áfangann þarf nemandi að fá 4,5 í meðaltali beggja prófanna og skila verkefnum á fullnægjandi hátt. Athugið að vetrareinkunn hækkar ekki lokaeinkunn nemanda upp fyrir 4,0 sé um fall að ræða hjá honum á annarprófum. Ennfremur getur vetrareinkunn dregið einkunn niður þannig að nemandi falli í áfanganum.


Sérreglur áfangans

Viðvera í tímum. Ef nemandi fer úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Notkun tölvu/síma við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu eða síma í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Fjarvist verður gefinn **án aðvörunar** ef kennari verður var við það að sími/tölva er notuð í annað en það sem við kemur námi. **Nemendur 20 ára og eldri** skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Nánari útfærsla á kennsluvef áfangans á Innu. Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

6. janúar 2022,

A handwritten signature in blue ink on a light blue background. The signature is written in a cursive style and reads "Ólafur Þinnarsen".

Vika	Dagsetning	Áætlun um yfirferð námsefnis
1.	2.1 – 8.1	Áfanginn kynntur. Rannsóknarstofnanir. Yfirlit yfir flokkun dýra og stöðu spendýra og fugla í flokkunarkerfinu.
2.	9.1 – 15.1	Rannsóknarstofnanir. Yfirlit yfir flokkun dýra og stöðu spendýra og fugla í flokkunarkerfinu.
3.	16.1 – 22.1	Almennt um íslensk spendýr. Refur (tófa) og lifnaðarhættir hans.
4.	23.1 – 29.1	Hvítabirnir á Íslandi. Minkurinn og lifnaðarhættir hans.
5.	30.1 – 5.2	Hvalir. Hvalategundir við Ísland. Rannsóknir á hvolum og hvalveiðar.
6.	6.2 – 12.2	Íslenskir selir og farselir við Ísland. Hreindýr, lifnaðarhættir og útbreiðslusaga.
7.	13.2 – 19.2	Hreindýraveiðar og rannsóknir. Mýs og rottur, lifnaðarhættir og útbreiðslusaga. Leðurblökukomur til Íslands.
8.	20.2 – 26.2	Almennt um fugla. Líkamsgerð fugla, varp og varphættir. Próf I (spendýrahluti).
9.	27.2 – 5.3	Almennt um fugla. Kátir dagar og flóafár 1.-2.3.
10.	6.3 – 12.3	Hátterni og farferðir fugla. Flokkun fugla. Miðannarmat.
11.	13.3 – 19.3	Íslenskir fuglar og sérkenni fuglafánu Íslands.
12.	20.3 – 26.3	Brúsar, goðar, fýlingar, sæsvölur, súlur og skarfar.
13.	27.3 – 2.4	Páskafri 26.3–2.4.
14.	3.4 – 9.4	Andfuglar (endur, álftrir og gæsir). Ránfuglar, rjúpa, rellur, vaðfuglar og kjóar.
15.	10.4 – 16.4	Andfuglar (endur, álftrir og gæsir). Ránfuglar, rjúpa, rellur, vaðfuglar og kjóar.
16.	17.4 – 23.4	Máfar, þernur, svartfuglar og uglur. Spörfuglar. Sumardagurinn fyrsti 19.4.
17.	24.4 – 30.4	Flækingsfuglar á Íslandi og helstu ástæður hrakninga. Greiningapróf úr fuglahluta.
18.	1.5 – 7.5	Verkefnavinna. Próf II (fuglahluti). Fyrsti maí.
19.	8.5 – 14.5	Próf byrja 9. maí.